



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu Sögupings
Reykjavík
30. maí 2002**

Heiðruðu sagnfræðingar,
þátttakendur í Sögupingi
og aðrir góðir gestir

Það er fagnaðarefni að koma á ný saman til Sögupings og njóta þess fróðleiks sem fjölpættar rannsóknir færa okkur, kynnast gróskumiklu fræðastarfi og vega og meta breyttar áherslur sem í æ ríkara mæli móta verkefnaval og viðfangsefni.

Sögupingið sem sett var í Háskólabíói á vordögum 1997 markaði á vissan hátt þáttaskil í þróun íslenskra sagnfræði. Þar birtist okkur á kraftmikinn hátt breiddin í rannsóknarstarfi, hversu víða heimilda var leitað, frumleg sjónarhorn, alþjóðleg áhrif á túlkun og kenningasmíð og einnig glíman við að endurmeta arfinn sem sagnfræðingar fyrir á öldinni höfðu kappkostað að festa í sessi.

Á þinginu blómstraði fræðigreinin sem vissulega átti traustar rætur í jarðvegi sem sjálfstæðisbaráttan hafði plægt rækilega um langa hríð en skartaði nú svo mörgum nýjum jurtum að garðurinn var orðinn nánast óþekkjanlegur þeim sem eingöngu höfðu kynnst hinni gömlu hefð. Það var gaman að sjá og heyra hvernig nýjar kynslóðir voru að færa út fræðakvívar og varpa fram ögrandi spurningum sem knúðu á ferskan hátt til umhugsunar um þjóðlíf og menningu, arfleifð og endurmat, vanda smáríkja á tímum alþjóðlegra umbreytinga.

Dagskráin sem okkur er búin að þessu sinni er vissulega í sama anda og staðfestir enn frekar hve fjölskrúðugan laukagarð greinin yrkir nú jafnt og þétt, hve fjölbreytt og þroskuð sagnfræðin er orðin í vísindasamfélagi okkar Íslendinga. Styrkur hennar er ekki aðeins bundinn áherslum og umfjöllun á Sögupingi heldur birtist hann einnig reglulega á hverju ári í útgáfum fjölda fræðirita og í greinum og erindum sem helguð eru ólíkum

viðfangsefnum. Það er ánægjulegur vitnisburður um þann stuðning sem sagnfræðin nýtur meðal þjóðarinnar að ný rit eru jafnan meðal metsölubóka og fjöldi fólks sækir málþing og ráðstefnur sem helguð eru gagnrýninni umfjöllun um nýjustu rannsóknir og lærdóma sem af þeim má draga. Það hefur einnig verið mér ánægjuefni hve margar bækur um íslenska sögu hafa á undanförunum árum verið tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna sem forsetinn veitir, bækur sem á vandaðan hátt hafa rutt nýjar brautir og lagt grundvöll að þekkingu okkar á mikilvægum þáttum í þjóðarsögu.

Það hefur verið sérstakt gleðiefni hvernig sagnfræðingar hafa á umliðnum árum dýpkað skilning okkar á samtímasögu og leitað í þeim efnum heimilda víða um lönd. Slíkar rannsóknir hafa gert okkur betur fær um að líta með raunsæi í eigin barm og meta strauma og stefnur sem sett hafa þróuninni ólíkar skorður. Sú gjá sem áður var milli samtímans og sögu fyrri alda hefur nú verið brúuð að nokkru. Við erum ekki lengur í því tómarúmi sem áður ríkti þegar kom að því að skoða áhrifin sem 20. öldin hafði á samfélag, atvinnulíf, stjórnmál og stöðu okkar Íslendinga. Nú er að finna margvíslegan efnivið í fræðasmiðju sagnfræðinga og Sögupingið sem hér kemur saman mun svo sannarlega auka hann til muna.

Frumleikinn í efnisvali og gróskan sem einkennt hafa sagnfræðina á síðari árum vekja líka spurningar um hvernig við getum varðveitt samhengið í þjóðarsögu sem mótað hefur sjálfstæðisvitund okkar Íslendinga. Sagan var á vissan hátt burðarás í sjálfstæðisbaráttu fyrri alda, réttlætning þess að Íslendingar töldu sig geta krafist sérstakrar stjórnarskrár, fullveldis og sjálfstæðrar stöðu í samfélagi þjóða heims. Kennslan í skólum landsins, uppeldið á heimilum til sjávar og sveita voru ríkulega mótuð af þessari arfleifð. Samhengið var ofið úr traustum þráðum frásagna af landnámi, þjóðveldistíma, Fjölnismönnum, Þingvallafundum, heimastjórn og sjálfstæðishetjum. Sagan var auðskiljanleg og endursögð á einfaldan hátt til að efla sannfæringuna í brjóstum þeirra sem áttu eftir að erfa landið.

Þetta samhengi í sögu landsins hefur ekki lengur sama sess, bæði vegna þess að ýmsir fræðimenn hafa risið gegn því og breytt viðhorfi í menntmálum hafa leitt til nýrra kennsluhátta; fjölbreytileikinn í rannsóknum sagnfræðinga hefur gert til muna erfiðara að finna einfaldan þráð sem tengir saman þekkinguna.

Sumir eru reyndar þeirrar skoðunar að slíkt samhengi í sögu þjóðar sé ætíð tálsýn, oftast hannað til að þjóna hagsmunum eða málstað sem bundinn er afmörkuðum tímaskeiðum. Framrás sögunnar beri meira

svipmót af úfnu íshafi þar sem jakarnir rekast hver á annan án þess að draga skýran feril eða heilsteypta mynd.

Slík túlkun getur vissulega verið forvitnileg frá fræðilegu sjónarhorni en hún breytir ekki þeirri samfélagslegu nauðsyn að þjóðin hefur enn ríka þörf fyrir að sjá sögu sína í samhengi, skilja tengslin sem binda einn tíma við annan, meta kjarnann sem lifir öld af öld þótt einstakir atburðir falli í gleymiskunnar dá.

Fjölbreytileikinn sem einkennir Sögubingið sýnir okkur hins vegar hve vandasamt það er að veita þjóðinni nú skýra sýn á samhengið í sögu sinni.

Hvernig túlkum við söguna í samræðum við kynslóðir sem vaxa úr grasi á nýrri öld? Hvers eðlis er sú þekking sem við kjósum að miðla í skólum landsins? Hver er kjarninn í þeim sögulega skilningi sem við viljum halda til haga? Er fræðslan orðin svo brotakennd að við nálgumst senn þau vegamót að ala upp kynslóðir án sterkrar vitundar um þjóðarsögu, án þekkingar á þeim tilvísunum sem við höfum talið nauðsynlegar sérhverjum Íslendingi, svo nauðsynlegar að þær voru áður fyrir samgrónar skilgreiningunni á því hvað fólst í því að vera Íslendingur?

Erum við að verða sögulaus þjóð – á sama tíma og sagnfræðin verður sífellt litríkari? Slík spurning kann að hljóma sem þversögn en hún vísar engu að síður til þess vanda að finna þeirri fræðslu sem veitt er um sögu landsins, allt frá grunnskólum til háskólastigs, farveg sem sameinar þá endurnýjun þekkingar sem nýjar sagnfræðirannsóknir færa okkur og þörf þjóðarinnar fyrir að eiga sameiginlega söguvitund, skilning á því sem gert hefur okkur að þjóð og móta mun vegferð okkar í framtíðinni.

Hið samfélagslega hlutverk sögunnar er viðfangsefni sem vissulega verðskuldar umfjöllun á Sögubingi þótt sjálfsagt finnist sumum það vera utan hins fræðilega verkahringis. Sagan er samt enn ríkur þáttur í sjálfstæði okkar Íslendinga líkt og hún var í vitund þeirra sem áður fyrir helguðu sjálfstæðisbaráttunni krafta sína. Hún lifir í ljóðum skálda og verkum rithöfunda, í tónlist, leikritum, höggmyndum og öðrum greinum sem mótað hafa vegferð okkar. Sagan verður ætíð meginþráður í svari við spurningunni um hvað felist í því að vera Íslendingur.

Sagnfræðingar eru því nær kvikunni sem örlögum ræður en margir aðrir fræðimenn og eiga erfiðara að með einangra sig í flabeinsturni þegar tekist er á um framtíð þjóðar. Í þeirri stöðu felst í senn vandi og spennandi ögrun, að virða fræðakröfur en eiga jafnframt erindi við þjóð sem glímir við áleitnar spurningar um framtíðarheill.

Sögubingið verður forvitnilegt framlag til samræðunnar um þessi efni. Ég færi þakkir öllum sem með erindum og þátttöku hafa hér skapað fróðlegan umræðuvettvang og vona að við munum öll njóta þess ríkulega að fjalla um fjölþættar rannsóknir sem hér verða kynntar.